

var nokkurs konar litsilsvirðing; þeir álitu s'g betri en aðra menn. En saman við þá tilfinningu blandaðist auðmýkt, sem þoldi alt, án þess að reisa hönd á nöti. Kærleikur og miskunnsemi voru höfuðskylldurnar innan safnaðanna; og heims fyrirlitningin var blandin meðaumkun. Menn, sem stóðu fyrir utan kristna söfnuði, skildu ekki þessa afstöðu; hún var mjög fjarlæg hugsunarhætti Rómverja og þeirra manna, sem höfðu kynst grískri menningu. Þeir skoðuðu hana sem óvináttu gagnvart síðuðu mannfjelagi. Þess vegna var kristnum mönnum gefið það að sök, þegar ofssoknir stóðu yfir, að þeir hötuðu mannkynið. "Odium humani generis" var ein af ákærnum, sem á þá voru bornar.

Kristileg síðfræði á fyrstu og annari öld var gagnólk grískri síðfræði. Eins og kunnugt er voru öll lönd, sem kristnir breiddist fyrst út um undir Áhrifum grískrar menningar og grísks hugsunarháttar. Grísk síðfræði var upprunnin hjá heimspekingunum. Hún stóð því ekki f nálægt því eins nánu sambandi við trúarhugmyndirnar og síðfræði kristindómsins. Grískir heimspekingar hugsuðu mikið um mannfjelagið og skipulag þess; og síðfræði þeirra snertir þess vegna fyrst og fremst fyrirkomulag þjóðfjelagsins. Hugmyndir þeirra um tilveruna eftir dauðann voru mjög óákvæðnar, og þess vegna voru síðferðiskenningar þeirra allar gjörðar fyrir þetta líf og miðaðar við það. Og Grikkir elskuðu lífð, þeir elskuðu alt sem jók segurð þess og gildi, en þeir skoðuðu það frá sjónarmiði einstaklingsins fremur en heildarinnar. Fullkomnen einstaklingsins varð þar af leiðandi hið hæsta síðferðistakmark þeirra. Platð, sem var uppi snemma á 4. öld f. Kristi fæðingu og sem var einn af helztu heimspekingum og síðspekingum Grikkja, lýsir hinum fullkomna manni þannig. Hann á að vera vitur, hugrakkur, kunna að stjórna sjálfum sjer og rjettlátur. Þetta eru þær fjórar höfuðdygdir, sem hann á að hafa, og þær eiga að koma f ljós f mannfjelaginu, f allri stofnun þess. Stjórnendurnir eiga að vera vitrir, eða þeir einir eiga að stjórna örðrum, sem eru vitrir. Menn eiga ekki að afneita gæðum lífsins, en þeir eiga að njóta þeirra f hófi og geta verið án þeirra, ef það er nauðsynlegt. Viðskiftin eiga að vera rjettlát. Meðlífðun og hjálpsemi og yfir höfuð allar kærleiksdygdir, sem svo afarmikil áherzla er lögð á f